

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir álver *Norðuráls ehf.*, Grundartanga, kt. 570297-2609. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. júní 2020.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir álver *Alcoa-Reyðarál ehf.*, Reyðarfirði, kt. 600100-2380. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. júní 2020.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð *Glæðis ehf.*, Teygingarlæk, Skaftárhreppi, kt. 530882-0129. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. desember 2010.

Öll starfsleyfin eru gefin út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustu-hætti og mengunarvarnir.

Umhverfisstofnun, 3. september 2003.

Davíð Egilson forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður stjórn-
sýslusviðs.*

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Erasmusdóttur og Svanhvítar Erasmusdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóhönnu Erasmusdóttur og Svanhvítar Erasmusdóttur, sbr. ósk Jóhönnu þar um í erfðaskrá, dags. 18. febrúar 1997 sem skráð var hjá lögbókandanum í Reykjavík, sama dag.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja endurhæfingu mænuskaddaðra svo sem nánar er kveðið á um í 5. gr. erfðaskrár Jóhönnu Erasmusdóttur, dags. 18. febrúar 1997 en þar segir:

„Tekjum sjóðsins skal varið til endurhæfingar mænuskaddaðra og er þar jafnt átt við þá sem þjást af meðfæddum mænusjúkdómum og þá sem þjást af áunnum mænusjúkdómum vegna slysa eða sjúkdóma. Tekjum sjóðsins skal aðeins varið til beinnar endurhæfingar mænuskaddaðra, s.s. til tækjakaupa eða til að skapa á annan hátt aðstöðu til endurhæfingar. Þetta þýðir að tekjum skal ekki verja til félagsstarfa, keppnisíþrótta, skrifstofuhalda o.fl. sem ekki snýr beint að endurhæfingunni sjálfri“.

3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.